

Leiðbeiningar um rafræna þátttöku og atkvæðagreiðslu

Aðalfundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

11. mars 2022


SKRÁNING Á FUND OG AÐGANGUR

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja aðalfundinn, **hvort sem þeir ætla að mæta á fundarstað eða taka þátt í fundinum með rafrænum hætti**, þurfa að skrá sig til að nálgast aðgangsupplýsingar **eigi síðar en kl. 15.00 þann 10. mars, eða degi fyrir fundardag**. Ekki er hægt að tryggja aðgang að fundinum berist skráning eftir þann tíma. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig tímanlega til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

- Skráning fer fram á vefsíðunni <http://www.lumiconnect.com/meeting/sjova>.
- Þegar skráningarsíða opnast þarf að skrá umbeðnar upplýsingar í viðeigandi reiti. Nauðsynlegt er að láta mynd af gildum persónuskilríkjum fylgja sem viðhengi. Ef mæta á samkvæmt umboði þarf sömuleiðis að láta umboðið fylgja með sem viðhengi.
- Mikilvægt er að hluthafi skrái **rétt netfang** og **farsímanúmer með landsnúmeri**.
- Að lokinni skráningu fær hluthafi senda staðfestingu á uppgefið netfang um að beiðni um aðgangsupplýsingar hafi verið móttækin.
- Eigi síðar en á fundardegi fær hluthafi annan tölvupóst þar sem skráning er samþykkt og þar sem finna má hlekk á fundinn ásamt notendanafni.
- Lykilorð verður sent með smáskilaboðum (SMS) í það farsímanúmer sem hluthafi gaf upp við skráningu.
- Opnað verður fyrir aðgang á aðalfundinn klukkustund fyrir fundinn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Atkvæðagreiðsla á aðalfundinum mun eingöngu fara fram í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM **hvort sem hluthafar hyggjast mæta á fundarstað eða taka þátt í fundinum með rafrænum hætti**.

- Hægt er að nálgast aðalfundarkerfið með tvennum hætti:
 - Vafri – <https://web.lumiagm.com/113866705>
 - Snjallforrit/app – Nálgast þarf forritið LUMI AGM í Apple App Store eða Google Play Store.
- Hluthafi skráir sig inn með auðkenni fundarins (*Enter Meeting ID*) sem hann fær sent fyrir fundinn.
- Hluthafi skráir sig inn með notendanafni (*Username*) og lykilorði (*Password*) sem hann fær sent fyrir fundinn.
- Þegar táknið  (súlurit) er valið birtist listi með tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum.
- Fundarstjóri mun tilkynna þegar atkvæðagreiðslur um tillögur opna og loka.
- Hluthafi sér þá valmöguleika sem í boði eru við hverja og eina tillögu. Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtast staðfestingarskilaboð.
- Ef hluthafi vill skipta um skoðun getur hann valið að nýju á meðan kosning er opin.

VEFSTREYMI OG FYRIRSPURNIR

Vefstreymi af fundinum verður aðgengilegt í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Hluthafar geta fylgst með því sem fram fer á fundinum og lagt fram fyrirspurnir í gegnum aðalfundakerfið. Hluthafar geta jafnframt lagt fram fyrirspurnir áður en aðalfundur hefst með tölvupósti á netfangið stjorn@sjova.is.

LEIÐBEININGAR O.FL.

Hægt er að kynna sér leiðbeiningar frá Lumi AGM fyrir innskráningu, kosningu o.fl: <https://support.lumiglobal.com/knowledge/virtual>

Ef upp koma vandamál eða spurningar vakna er hægt að senda tölvupóst á stjorn@sjova.is

TIL ATHUGUNAR

Innslegið auðkenni í aðalfundakerfi Lumi AGM jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á aðalfundinum. Aðgangsauðkenni fyrir hluthafa vegna aðgangs að fundinum og til að greiða atkvæði í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM eru á ábyrgð móttakanda eftir að hann hefur mótttekið þau. Móttakandi skal varðveita auðkennið tryggilega og gæta þess að aðrir hafi ekki aðgang að því. Móttakandi ber ábyrgð á því að notast við örugga nettengingu þegar hann tekur þátt í fundinum og getur Sjóvá ekki borið ábyrgð á því ef lélegt netsamband truflar þátttöku hluthafa á fundinum. Sjóvá ber ekki ábyrgð á því ef hluthafi getur ekki skráð sig tímanlega til þátttöku á fundinum og til að greiða atkvæði vegna skorts á notendanafni og lykilorði, tæknilegra erfiðleika eða vegna annarra vandamála sem upp geta komið.